

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

1. desember 2020

Fundargerð (16)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 1. desember, kl. 14.00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams föstudaginn 27. nóvember og mánudaginn 30. nóvember.

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 15. fundar stýrihóps samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Leiðbeiningar til stjórnenda – uppsagnir á vaktalínum.** Raket gerði grein fyrir því að hópur þriggja lögfræðinga, eins frá hverjum launagreiðanda, sé að undirbúa leiðbeiningar til stjórnenda um hvaða sjónarmiða þurfi að gæta þegar vaktalínur starfsfólks taka breytingum með nýju vaktavinnukerfi frá 1. maí 2021. Leiðbeiningarnar eru langt komnar og verða sendar verkefnisstjóra fyrir upphaf næstu viku. Telji launafólk þörf á umræðu og skýringum um leiðbeiningarnar mun verkefnisstjórn verða til svara og boða launafólk til fundar með fulltrúum verkefnisstjórnar verði þess óskað. Stefnt er að því að leiðbeiningarnar verði afgreiddar ekki síðar en á næsta fundi stýrihópsins 15. desember nk.
4. **Dagvinnufólk og vaktavinnufólk.** Sverrir greindi frá því að í framhaldi ákvörðunar á síðasta fundi hafi launagreiðendur hist í tvígang til að ræða þau álitæfni sem verkefnisstjórn setti fram í minnisblaði sínu á þeim fundi. Umræður hafi verið góðar og munu launagreiðendur skila niðurstöðum sínum þannig að verkefnisstjóri geti sent þær út með fundargögnum fyrir næsta fund, þar sem málið verður til afgreiðslu.
5. **Tæknimál.** Á fundinum lá fyrir til umræðu minnisblað verkefnisstjórnar um nauðsyn þess að breytingar á tæknikerfum s.s. Vinnustund verði tilbúna í tæka tíð, þ.e. í síðasta lagi í mars 2021 til að unnt sé að hrinda breytingum á vinnutíma í vaktavinnu í framkvæmd 1. maí 2021. Jafnframt lágu fyrir þarfagreiningar fyrir starfsmenn annars vegar og stjórnendur hins vegar varðandi nýtt vaktavinnukerfi og yfirlitsblað með samanburði yfir algengustu vaktakerfi. Bára Hildur sagði verkefnisstjórnina leggja mikla áherslu á að nauðsynlegum tæknibreytingum verði

lokið í tæka tíð. Málið rætt og launagreiðendur munu vinna með verkefnisstjórn að því að tæknilegar breytingar til að styrkja stjórnunarpátt kerfanna verði tilbúnaðar tímanlega.

6. **Fræðslumál.** Bára Hildur vakti athygli á nýju efni á **betrivinnutimi.is** og fór yfir nýja facebook síðu, **Betri vinnutími í vaktavinnu**. Rætt um mikilvægi þess að menn sækja sér fræðslu og upplýsingar á síður verkefnisins, þar sem allt efni er aðgengilegt á íslensku, að hluta til á ensku og verið er að undirbúa pólska þýðingu. Stýrihópurinn mun vekja athygli á upplýsingunum og dreifa þeim hver í sinn hóp.

7. Önnur mál

- **Innleiðingarhópur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.** Tryggvi upplýsti að undirbúningur innleiðingarhóps sé langt kominn og mun hann tilkynna verkefnisstjóra hvaða fulltrúar verða í honum. Verkefnisstjórn mun ganga frá erindisbréfi fyrir hönd stýrihópsins og ýta starfi þessa innleiðingarhóps úr vör eins og gert var með aðra innleiðingarhópa.
- **Næstu fundir.** Ákveðið að næstu fjarfundir verði boðaðir þriðjudagana 15. desember og 5. janúar 2021 kl. 14 til 15.30.

Fundi slitið kl. 15.08. Fundargerð er aðgengileg á Teams.